

## JAPA1BB05

### **Áfangakynning**

Framhaldsáfangi í japönsku. Áhersla áfangans er áfram á að læra að tala og hlusta, hinsvegar er mikilvægt að læra að lesa og skrifa. Í þessum áfanga er nemendum kennt eitt af skrif-kerfunum þremur sem heitir katakana. Þá er gert ráð fyrir að í lok áfangans ættu þeir nemendur, sem hafa samviskulega unnið heimavinnuna sína, að geta beitt fyrir sér einföldum setningum í daglegu máli. Sem dæmi má nefna að: lýsa útliti fólks, vera kurteis þegar beðið er um greiða, mynda lengri setningar og lýsa eigin skoðunum á því sem um er verið að ræða.

### **Skilningur**

Nemendur munu læra að skilja lýsingar á fólki, ástæðu, kurteisum fyrirspurnum, leyfðum eða bönnuðum hlutum, aðgerðum í gangi, almennum samtölum, og hvað fólki líkar við.

### **Hlustum**

Nemendur munu læra að skilja einfaldar samræður þar sem hlustað er á lýsingu á fólki, hvað fólk má og má ekki gera, og hvað fólki finnst gaman að gera.

### **Talað mál**

Nemendur munu læra einfaldar samræður þar sem þeir spyrja um leyfi, hvað þeir séu að gera, og benda á og koma með hugmyndir.

### **Ritun**

Nemendur munu læra að skrifa og lesa í einu af japönsku skrif-kerfunum þremur, kallað Katakana (48 stafir). Þeir munu einnig læra að skrifa leiðbeiningar og einhverjar sagnir í öðru af japönsku skrif-kerfunum þremur, sem heitir kanji.

### **Undanfari**

JAPA1AA05.

### **Lesbók /vinnubók**

GENKI: An Integrated Course in Elementary Japanese [ Textbook I ], The Japan Times

Það er hægt að kaupa hana í [Bóksölu stúdenta](#).

En þú þarft ekki að kaupa hana, þú getur fengið ljósrit hjá mér.

### **Námsmat**

Heimavinna	15%
Tímapróf	15%
Miðannar próf	25%
Munnlegt verkefni	15%
Lokapróf	30%